

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands, þriðjudaginn 29. september klukkan 16:15. Fundurinn var haldinn í Hermes á Reyðarfirði en nokkrir stjórnarmenn voru í símasambandi.

Mættir voru: Sigurbjörn, Þráinn, og Elfa á Reyðarfirði en Svanhvít, Einar og Halldóra voru í síma.

Svanhvít stjórnaði fundi, Halldóra ritaði fundargerð.

1. Fjárhagsáætlun

Sigurbjörn sagði að nú þyrfti að klára fjárhagsáætlun og gert væri ráð fyrir 3% lækkun á framlögum sveitarfélaganna og tap yrði þá um 5 milljónir.

Þráinn kom með tillögu, frá Fljótshéraði, að framlög sveitarfélaganna yrðu lækkuð um 5% en ekki 3%. Mismunurinn væri um 800.000.- yrði bætt við hallareksturinn. Það liggur fyrir samþykkt frá sveitarfélögunum síðan á aðalfundi SSA að þessi leið verði farin.

Framkvæmdastjórn sveitarfélaganna hafa rætt þetta og er einhugur hjá þeim um málið.

Sigurbjörn gerði ekki athugasemdir við tillögu Þráins. Hann ræddi um að gera þurfi breytingar þegar og / ef við förum að ganga á eigið fé.

Samþykkt samhljóða að lækka framlög um 5% en ekki 3% eins og áður var rætt.

2. Aðalfundur

a. Dagskrá á aðalfundi

Sigurbjörn fór yfir dagskrá aðalfundar. Þar verði farið yfir ársreikning, skýrslu stjórnar, kosningar o.fl. Sigurbjörn ítrekaði mikilvægi þess að það verði á hreinu hverjir verði kosnir til setu í stjórninni næsta árið.

b. Ársskýrslan

Ársskýrslan er að verða tilbúin og fór Sigurbjörn yfir helstu staðreyndir sem þar koma fram.

3. Önnur mál

a) Auglýsing um Skólaþing. Það verður haldið á Nordica, 2. nóv. – „Skóli á tímamótum“.

Samband íslenskra sveitarfélaga stendur fyrir þessu þingi.

b) Búið er að auglýsa styrkumsóknir úr þróunarsjóði námsgagna. Í ár beina þeir sjónum sérstaklega að lestrarkennslu og læsi.

c) Þráinn sagði frá því að fræðslunefnd Fljótshéraðs hefði samþykkt erindi frá skólastjórnendum í sveitarfélaginu að samningurinn við Skólaskrifstofu Austurlands yrði tekinn til endurskoðunar. Hann tók það skýrt fram að hugsunin væri ekki sú að Fljótshérað ætlaði að segja sig úr samlaginu, heldur væru menn að velta því fyrir sér að það væri ýmislegt í samningnum sem nauðsynlegt væri að skoða í ljósi breyttra aðstæðna. Samningurinn væri orðinn 10 ára gamall, ný grunnskólalög o.fl. gerðu það að verkum að mikilvægt væri að leggja yfir hann. Þráinn sagði ennfremur frá því að búið væri að samþykka á aðalfundi SSA að það verði skoðað að sameina Austurland í eitt sveitarfélag. Starfsemi Skólaskrifstofunnar væri eitt af því sem yrði þá væntanlega skoðuð hvort sem væri.

Fundarmenn voru sammála því að mikilvægt væri að skoða samninginn m.v. aldur hans og breytingar sem orðið hafa á skólaumhverfi sl. ár.

Sigurbjörn tók undir þetta. Hann sagði að með nýju grunnskólalögum væri t.d. ein grein úrelt og tók hann undir mikilvægi þess að taka verkefalistann og skoða hann.

Smávægilegar breytingar voru gerðar á honum 2001 og þar áður 1999. Sigurbjörn sagði frá skýrslu þar sem starfsemin var tekin út, 2001 en þá var mikil vinna lögð í að endurskoða hana. Hægt væri að nýta eitthvað úr henni við væntanlega endurskoðun.

Sigurbjörn sagði frá því að samningnum yrði ekki breytt, nema á aðalfundi. Hægt væri að boða aukaáðalfund eða leggja þetta fyrir á næsta aðalfundi. Fundarmenn voru sammála því að þetta væri þarft og kjörið verkefni til að byrja að skoða, á næsta ári.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:00.

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, sign

Þráinn Lárusson, sign

Einar Björn Kristbergsson, sign

Svanhvít Aradóttir, sign

Elfa Rúnarsdóttir, sign

Sigurbjörn Marinósson, sign